



Barnavernd Reykjavíkur  
Tómas Hrafn Sveinsson, formaður  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

## VELFERDARRÁÐUNEYTID

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 23. febrúar 2018  
Tilv.: VEL17110071/06.51.20

Ráðuneytið vísar til fyrri samskipta vegna málsins, einkum fundar í ráðuneytinu þann 10. nóvember 2017 þar sem gerðar voru athugasemdir við háttsemi og framgöngu forstjóra og starfsmanna Barnaverndarstofu og var ráðuneytið beðið um að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Í kjölfar fundarins sendi ráðuneytið Barnaverndarstofu bréf, dags. 21. nóvember 2017. Þar kom fram að ráðuneytið telji að ekki ríki sá trúnaður og það traust milli aðila í málaflokknum sem þarf að vera til staðar til að tryggja nauðsynlega virkni og framþróun sem er forsenda farsæls barnaverndarstarfs í landinu. Taldi ráðuneytið ljóst að alvarleg staða væri uppi í barnaverndarstarfi á höfuðborgarsvæðinu til staðar væri ágreiningur og samskiptavandi, og að trúnaðarbrestur hafi orðið milli tiltekinna barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu sem væri til þess fallinn að hamla framgangi barnaverndarstarfs. Þá kom jafnframt fram að ráðuneytið hygðist afla frekari upplýsinga til að geta lagt mat á til hvaða ráðstafana eigi að grípa. Ráðuneytinu bárust svör Barnaverndarstofu þann 14. desember 2017.

Í janúar 2018 átti ráðuneytið two fundi vegna málsins, annars vegar með forstjóra Barnaverndarstofu og hins vegar með formönnum barnaverndarnefnda Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Kópavogs. Á fundunum var farið yfir málið í heild sinni og ýmis atriði er snúa að samskiptum Barnaverndarstofu við barnaverndarnefndir og starfsfólk þeirra.

Ráðuneytið hefur nú lokið skoðun sinni á málinu. Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum og þeim skýringum sem ráðuneytinu hafa verið veittar, er það mat ráðuneytisins að til að endurheimta traust og trúnað innan málaflokkssins, sé þörf á aðgerðum.

Vinna þarf að því að aðilar málaflokkssins leggi ágreining sinn til hliðar og komi sér saman um ákveðnar samskiptareglur og vinni í sameiningu samkvæmt þeim að framgangi barnaverndarstarfs. Ráðuneytið mun fela utanaðkomandi aðila að leiða aðila til samtals og samráðs og miðla málum þannig að unnt sé að komast að sameiginlegri niðurstöðu um ásættanlega samskiptahætti og samstarf.

Einnig þarf að hefja vinnu við að skýra frekar og formgera samskipti milli aðila málaflokkssins með verklagsreglum eða öðrum viðmiðum. Ráðuneytið mun því skipa hóp fagaðila sem verður falið það hlutverk að móta skýrara verklag um það hvernig stjórnvöld málaflokkssins eiga að haga samskiptum sín á milli og hversu formleg þau eiga að vera hverju sinni.

Ráðuneytið vill jafnframt upplýsa um fyrirhugaðar breytingar er snerta þjónustu við börn og

fjölskyldur á málefñasviði ráðuneytisins. Áður hefur verið greint frá fyrirætlunum ráðuneytisins um að setja á laggirnar sérstaka Gæða- og eftirlitsstofnun á sviði félagsþjónustu og barnaverndar sem mun meðal annars sinna eftirliti með barnaverndarstarfi sveitarfélaga. Í ráðuneytinu er unnið að frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum sem miðar að því að flytja eftirlitið með barnaverndarstarfi sveitarfélaga í hina nýju gæða- og eftirlitsstofnun. Frumvarpið er á þingmálaskrá yfirstandandi löggjafarþings.

Ráðuneytið hefur einnig tekið ákvörðun um að ráðast í skoðun á þjónustu við börn á málefñasviði þess. Tilgangurinn er tryggja enn frekar snemmtæka íhlutun, heildstæða nálgun og samfelli í þjónustu sem mætir þörfum barna og fjölskyldna hverju sinni. Þessi vinna mun jafnframt nýtast við endurskoðun á barnaverndarlögum sem kveðið er á um í núgildandi framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar.

Það er mat ráðuneytisins að framangreindar aðgerðir séu til þess fallnar að bæta samstarf og samskipti aðila málafloksins sem samhliða mun efla faglegt starf og auka traust á barnaverndarstarf í landinu.

Fyrir hönd félags- og jafnréttismálaráðherra

  
Ellý Alda Þorsteinsdóttir

  
Ingibjörg Broddadóttir

Samrit: Formaður barnaverndarnefndar Kópavogs  
Formaður barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar